

Kirkjustaðurinn Helgastaðir í Reykjadal.

Fyrst eftir lögtöku kristni í landinu munu einkum hafa risið hér svonefndar bændakirkju. Reistu þá einstöku jarðeigendur kirkjuhús á jörðum sínum að eigin frumkvæði og fyrir eigið fé. Var kirkjan þá eign viðkomandi bónda og gekk að erfðum. Þær voru þó ætlaðar til helgihalds fyrir heilu hreppana.

Á 12. og 13. öld urðu til lénskirkjur, þ.e. kirkjustaðir sem voru í eigu kirkjunnar sem stofnunar og með því veittur réttur til að eiga eignir, taka við gjöfum og arfi. Lénskirkjurnar lutu forræði biskups sem úthlutaði þeim til presta með öllum gögnum og gæðum er viðkomandi jörð fylgdu. Eignir og tekjur er til þeirra runnu mynduðu því einn af tekjustofnum prestsins. Segja má að þessi tvö eignarform hafi verið ráðandi hér allt til 1907.

Auk áður nefnds eignaforms, greindust kirkjur í nokkra flokka eftir því hvaða athafnir máttu fara fram í þeim. Þeim var skipt í alkirkjur þar sem syngja skyldi messur hvern helgan dag, í hálfkirkjur þar sem messað skyldi annan hvern helgan dag o.s.frv. Alkirkjur höfðu eigin prest, en hálfkirkjur (og þriðjungs- og fjórðungskirkjur) nefndust útkirkjur (annexíur). Í rás aldanna fækkaði alkirkjum og urðu sumar þeirra að hálfkirkjum.

Bænhús voru nokkuð algeng á fyrstu öldum kristni, en þau voru notuð til bænagjörðar og helgihalds fyrir heimilisfólk á þeim bæjum þar sem þau stóðu. Bænhús og kapellur voru einnig reistar við alfaraleiðir. Margt bendir til að kapellur hafi verið reistar við staði er hættulegir þóttu yfirferðar. Munu þær einnig oft hafa gengt hlutverki sæluhúss.

Talið er að um 1200 hafi verið í Skálholtsbiskupsdæmi um 220 prestsskyldar alkirkjur, en alls hafi verið þar um 700 til 800 kirkjur og bænhús. Fjöldi presta í var um 290. Ekki eru til hliðstæðar upplýsingar úr Hólabiskupsdæmi frá sama tíma, en um 1450 eru þar um 110 prestsskyldar alkirkjur. Kirkjur og bænhús eru þá samtals þar um 257 talsins.

Fyrir siðaskiptin munu bændur hafa reist kirkjur á jörðum sínum, aðallega í ábataskyni. Sú eign er eigandi kirkju lagði til hennar var nefnilega tíundarfrjáls. Á fyrstu öldum kristni er talið að margir hafi lagt mikinn hluta eigna sinna undir þær til að öðlast víðtækt skattfrelsi. Þessi aðferð til varðveislu eigna varð þó áhættusamari eftir að biskupar tóku að seilast eftir auknu forræði yfir kirkjum (og kirkjujörðum).

Í kjölfar siðaskiptanna tók kirkjustjórnin að fækka sóknarkirkjum, sameina sóknir og prestaköll. Skýringin talinn sú að þá tóku prestar að kvænast og stofna fjölskyldur. Það leiddi til aukins framfærslukostnaðar þeirra og þörf fyrir auknar tekjur til að mæta honum.

Hér á landi tíðkuðust tvær tegundir kirkjubygginga í gegnum aldirnar. Torfkirkjur og altimburkirkjur. Í báðum þessum tegundum bygginga var þó grind byggingarinnar úr timbri. Í kaþólskum sið mun hafa verið nokkuð um timburkirkjur hér á landi, en eftir siðaskiptin varð torfið aðal byggingarefnið. Reyndar urðu torfkirkjur nær einráðar hér á 18. öld og er þá helst um kennt hnignandi efnahag þjóðarinnar. Talið er að frá miðöldum og fram á 18. öld hafi torfkirkjur verið hér í meirihluta. Flestar voru þær með vesturgafli úr timbri en austurgafli að hluta úr timbri. Neðri hlutinn var þá hlaðinn úr torfi. Við sumar hinar fornu torfkirkjur var kór og forkirkja, minni að formi en framkirkjan. Algengast mun þó, a.m.k eftir siðskiptin, að torfkirkjur væru einskipa. Það var ekki fyrr en á seinni hluta síðustu aldar að timburkirkjur tóku að rísa hér. (sjá töflu hér síðar)

Um 1872 voru kirkjur í Suður-Þingeyjarprófastdæmi þannig hýstar; Steinkirkja var í Reykjahlíð. Timburkirkjur voru á eftirtöldum stöðum; Múla, Húsavík, Einarstöðum, Skútustöðum, Lundarbrekku, Hálsi, Illugastöðum, Draflastöðum; Laufási; Höfða; Þönglabakka; Flatey og Svalbarði á Svalbarðsströnd. Torfkirkjur voru á eftirgreindum stöðum; Helgastöðum, Þóroddsstað, Ljósavatni, Grýtubakka og Þverá í Laxárdal.

Kaþólskt helgihald í kirkjum krafðist þess að söfnuðurinn væri hreyfanlegur og svigrúm væri þar fyrir helgigöngur (processiur), sem fóru fram við ýmis tækifæri. Stólar voru því fáir í kirkjum í kaþólskum sið og þeir þá ætlaðir klerkum og heldra fólki. Yfirleitt var þó veggfastur bekkur umhverfis kirkjuna innanverða. Þverbekkir munu ekki hafa komið í verulegum mæli fyrr en á 18. og 19. öld.

Í kaþólskum sið voru líkneski af dýrlingum þeim er viðkomandi guðshús var helgað svo og helgimyndir yfirleitt við altari og á þeim. Margar kirkjur áttu veggteyld til að tjalda innan kórinn, eða jafnvel alla bygginguna. Á stöfnum voru svokölluð bjórtjöld. Einkum voru kirkjur tjaldaðar innan á hátíðum, en þau tekin niður á milli a.m.k á föstunni. Nákvæmar reglur giltu um klæði á ölturum en á þeim voru jafnan dúkur og altarisklæði á framhlið.

Þrátt fyrir mikla helgi guðshúsa, varð húsaskortur þess valdandi að oft varð að nota kirkjur til ýmissa veraldlegra samkoma hreppsþúa. Margir samningar og opinberir gjörningar voru þar gerðir og stefnur birtar mönnum. Sýslumenn héldu þar manntals- og héraðsþing. Um miðja 18. öld var þó allt veraldlegt þinghald bannað í kirkjum. Skyldi reisa sérstök hús til þeirra nota. Með tilkomu lestrarfélaga í sveitum vantaði oft tilfinnanlega geymslustað fyrir bókakost þeirra. Voru kirkjuloft þá oft notuð.

Fjöldi presta og djákna á kirkjustöðum í Suður Þingeyjarsýslu 1429.

<i>Húsavík</i>	<i>2.prestar</i>	
<i>Nesi í Aðaldal</i>	<i>1.prestur</i>	
<i>Grenjaðarstöðum í Aðaldal</i>	<i>3.prestar</i>	<i>2.djárnar</i>
<i>Múla í Aðaldal</i>	<i>3.prestar</i>	<i>2.djárnar</i>
<i>Helgastöðum í Reykjadal</i>	<i>1.prestur</i>	<i>1.djárn</i>
<i>Einarstöðum í Reykjadal</i>	<i>2.prestar</i>	
<i>Þverá í Laxárdal</i>	<i>1.prestur</i>	
<i>Reykjahlíð við Mývatn</i>	<i>1.prestur</i>	
<i>Skútustöðum við Mývatn</i>	<i>1.prestur</i>	
<i>Lundarbrekku í Bárðardal</i>	<i>1.prestur</i>	
<i>Eyjardalsá í Bárðardal</i>	<i>1.prestur</i>	
<i>Ljósavatni í Ljósavatnshreppi</i>	<i>1.prestur</i>	<i>1.djárn</i>
<i>Þönglabakka í Hálshreppi</i>	<i>1.prestur</i>	
<i>Hálsi í Hálshreppi</i>	<i>2.prestar</i>	<i>1.djárn</i>
<i>Draflastöðum í Hálshreppi</i>	<i>1.prestur</i>	
<i>Illugastöðum í Hálshreppi</i>	<i>2.prestar</i>	
<i>Laufási í Grýtubakkahreppi</i>	<i>2.prestar</i>	<i>1.djárn</i>
<i>Grýtubakki í Grýtubakkahreppi</i>	<i>1.prestur</i>	
<i>Höfði í Grýtubakkahreppi</i>	<i>1.prestur</i>	
<i>Svalbarð í Grýtubakkahreppi</i>	<i>1.prestur</i> ¹	

¹ Íslenskt fornbréfasafn IV.bindi.

Ástand kirkna í Suður Þingeyjarprófastdæmi 1853.

Kirkjur	Ástand
Laufáskirkja	Gömul, en nýtanleg.
Svalbarðskirkja, Svalbarðss	Byggð upp að nýju 1848.
Grýtubakkakirkja	Gömul en þó nýtileg
Höfðakirkja	Gömul, en þarf aðgjörðar við.
Þönglabakkakirkja	Gömul og hrörleg.
Flateljarkirkja	Byggð upp að nýju 1851.
Hálskirkja	Gömul og hrörleg.
Illugastaðakirkja	Í bærilegu standi.
Draflastaðakirkja	Í góðu standi.
Þóroddstaðakirkja	Í brúklegu standi.
Ljósavatnaskirkja	Farinn að hallast.
Lundarbrekkukirkja	Er undir aðgjörð.
Eyjadalsárkirkja	Í bærilegu standi
Skútustaðakirkja	Þarf aðgjörðar við.
Reykjahlíðarkirkja	Í sæmilegu standi.
Grenjaðarstaðarkirkja	Gömul og að falli komin.
Þverárkirkja í Laxárdal	Í góðu standi.
Múlakirkja	Í bærilegu standi.
Neskirkja	Byggð upp að nýju 1850.
Einarsstaðakirkja	Farin að hallast.
Helgastaðakirkja	Hrörleg.
Húsavíkurkirkja	Byggð upp að nýju 1847 ²

Eignir og skuldir kirkna í Suður Þingeyjarprófastdæmi 1849 og 1853.

Kirkjustaðir	Árið 1853		Árið 1849	
	Sjóður	Skuld	Sjóður	Skuld
Laufáskirkja	477rd 94sk		390rd 50sk	
Svalbarðskirkja/Svalbarðsstr		107rd 11sk		176rd 54sk
Grýtubakkakirkja	201rd 11sk		145rd 67sk	
Höfðakirkja	108rd 49sk		94rd 47sk	
Þönglabakkakirkja	129rd 19sk		86rd 40sk	
Flateljarkirkja		411rd 14sk	227rd 83sk	
Hálskirkja	230rd 58sk		149rd 90sk	
Illugastaðakirkja	209rd 61sk		152rd 45sk	
Draflastaðakirkja	40rd 90sk		12rd 90sk	
Þóroddsstaðarkirkja	195rd 37sk		106rd 76sk	
Ljósavatnaskirkja	80rd 52sk		5rd 50sk	
Lundarbrekkukirkja	445rd 70sk		317rd 69sk	
Eyjadalsárkirkja	65rd 50sk		42rd 20sk	
Skútustaðakirkja	280rd 93sk		179rd 93sk	
Reykjahlíðarkirkja	135rd 28sk		62rd 41sk	
Grenjaðarstaðarkirkja	303rd 00sk		248rd 65sk	
Þverárkirkja í Laxárdal	76rd 81sk		84rd 64sk	
Múlakirkja í Aðaldal	238rd 00sk		224rd 69sk	
Neskirkja í Aðaldal		100rd 58sk	235rd 10sk	
Helgastaðakirkja	145rd 00sk		72rd 65sk	
Húsavíkurkirkja		92rd 49sk	40rd 43sk	

² Skýrslur um landshagi á Íslandi. I.bindi; bls. 217.

³ Skýrslur um landshagi á Íslandi I.bindi; bls 231-32.

Hér má geta þess að aðfaranótt 17. desember 1854 brunnu bæjarhúsin á prestsetrinu að Múla í Aðaldal. Sótti presturinn um 400 ríkisdala styrk úr landssjóði til endurbyggingar, en var veitt 200 ríkisdala styrkur.

Kirkjan á Eyjadalsá í Bárðardal var aflögð árið 1858.

Árið 1854 var gert ýtarlegt mat á brauðum í landinu. Verður hér á eftir birt mat á brauðum í Suður Þingeyjarsýslu:

Ástand og umsjá kirkna í Suður- Þingeyjarprófastdæmi 1879 - 1887.

<i>Kirkjur</i>	<i>Í umsjón</i>	<i>Síðast byggð</i>	<i>Úr hverju</i>	<i>Ástand</i>
<i>Laufáskirkja</i>	<i>prests</i>	<i>1865</i>	<i>timbri</i>	<i>dágott</i>
<i>Svalbarðskirkja/ Svalbarðsst</i>	<i>eiganda</i>	<i>1846</i>	<i>timbri</i>	<i>dágott</i>
<i>Höfða-/ Grenivíkurkirkja</i>	<i>prests</i>	<i>1886</i>	<i>timbri</i>	<i>dágott</i>
<i>Þönglabakkakirkja</i>	<i>prests</i>	<i>1867</i>	<i>timbri</i>	<i>gott</i>
<i>Flateyjarkirkja</i>	<i>landssjóðs</i>	<i>1850</i>	<i>timbri</i>	<i>sæmilegt</i>
<i>Hálskirkja</i>	<i>prests</i>	<i>1861</i>	<i>timbri</i>	<i>dágott</i>
<i>Illugastaðakirkja</i>	<i>eiganda</i>	<i>1860</i>	<i>timbri</i>	<i>sæmilegt</i>
<i>Draflastaðakirkja</i>	<i>eiganda</i>	<i>1841</i>	<i>timbri</i>	<i>sæmilegt</i>
<i>Þóroddsstaðarkirkja</i>	<i>prests</i>	<i>1886</i>	<i>timbri</i>	<i>eigi fullgerð</i>
<i>Ljósavatnaskirkja</i>	<i>eiganda</i>	<i>1837</i>	<i>torfi</i>	<i>sæmilegt</i>
<i>Lundarbrekkukirkja</i>	<i>safnaðar</i>	<i>1881</i>	<i>steini</i>	<i>dágott</i>
<i>Skútustaðakirkja</i>	<i>prests</i>	<i>1863</i>	<i>timbri</i>	<i>gott</i>
<i>Reykjahlíðarkirkja</i>	<i>eiganda</i>	<i>1876</i>	<i>steini</i>	<i>gott</i>
<i>Grenjaðarstaðarkirkja</i>	<i>prests</i>	<i>1865</i>	<i>timbri</i>	<i>dágott</i>
<i>Þverárkirkja í Laxárdal</i>	<i>eiganda</i>	<i>1878</i>	<i>steini</i>	<i>ágætt</i>
<i>Múlakirkja</i>	<i>prests</i>	<i>1870</i>	<i>timbri</i>	<i>gott</i>
<i>Neskirkja</i>	<i>prests</i>	<i>1850</i>	<i>torfi</i>	<i>sæmilegt</i>
<i>Einarsstaðakirkja</i>	<i>eigandi</i>	<i>1862</i>	<i>timbri</i>	<i>gott</i>
<i>Húsavíkurkirkja</i>	<i>prests</i>	<i>1840</i>	<i>timbri</i>	<i>gott⁴</i>

Fjárhagur kirkna í Suður- Þingeyjarprófastdæmi 1879 - 1887.

<i>Kirkjur</i>	<i>Tekjur</i>					<i>Gjöld</i>				
	1879	1881	1883	1885	1887	1879	1881	1883	1885	1887
<i>Laufáskirkja</i>										
<i>Svalbarðskirkja / S.str.</i>	1238	1383	1337	1273	1369					
<i>Höfða-/Grenivíkurkirkja</i>		1416	1663	1762	1967	79	39			
<i>Þönglabakkakirkja</i>	97	118	99	7	35	200	200	200	100	100
<i>Flateyjarkirkja</i>										
<i>Hálskirkja</i>	193	249	331	421	488					
<i>Illugastaðakirkja</i>			110		76	156	34		51	
<i>Draflastaðakirkja</i>	1384	1442	1574	1689	1801					
<i>Þóroddsstaðakirkja</i>	1781	1874	1974	2100	2208					
<i>Ljósavatnaskirkja</i>	1622	1710	1834	1967	2064					
<i>Lundarbrekkukirkja</i>	1820	2143	2703	83	23				1783	1735
<i>Skútustaðakirkja</i>	151	86	243	198	244	1068	1252	452	276	187
<i>Reykjahlíðarkirkja</i>	1663							799	686	578
<i>Grenjaðarstaðarkirkja</i>	96	262	375	466	559					
<i>Þverárkirkja í Laxárdal</i>	1001						2315	2243	2191	1760
<i>Múlakirkja</i>				26	75	191	108	54		
<i>Neskirkja</i>	1114	1196	1279	1330	1401					
<i>Einarsstaðakirkja</i>	939	920	1019	1250	1388					
<i>Húsavíkurkirkja</i>	2607	2554	2900	3023	3346					

⁴ Stjórnartíðindi 1888; C.11. bls.41.

Samkvæmt skýrslu um inneign kirkna í hinum almenna kirkjusjóði við árslok 1895 áttu aðeins þrjár kirkjur í Suður Þingeyjarprófastdæmi þar inneign; Húsavíkurkirkja, Hálskirkja og Laufáskirkja.

Á árabílinu 1895 til 1898 fékk Lundarbrekkukirkja, ein kirkna í Suður Þingeyjarsýslu árlega svonefnda bráðabirgðauppbót handa fátækum prestaköllum. Nam upphæðin nokkur hundruð krónum á ári. Er því ljóst að kirkjan mun hafa átt við fjárhagsvanda að stríða, eins og kemur fram í töflunni hér að ofan. Skýringin mun sú að timburkirkjan þar brann 10. apríl 1878. Ekki vissu menn um orsök brunans en gátu sér þess til að lofteldar hefðu valdið. Var þá byggð kirkja úr steini. Hrukku þar skammt fjáröflunar aðgerðir prests og sóknarmanna frá árinu 1882 og skýrt er nánar frá í eftirfarandi bréfi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramti og dagsett er 8.maí 1882;

„ Með bréfi frá 14. f.m. hefur ráðgjafinn fyrir Ísland falið mjer úrskurð á beiðni prestsins að Lundarbrekku og 4.sóknarmanna um leyfi til að halda lukkuspil kirkju sinni til hagsmuna.

Fyrir því vil jeg tjá yður, herra amtmáður, til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og ráðstöfunar að jeg leyfi tjédum beiðöndum að stofna lukkuspil á þann hátt og með þeim tilgangi, sem nákvæmar er skýrt í erindi því, er fylgir þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmáður frá 2. mars þ.a., þó með því skilyrði að enginn vinningur verði fölginn í peningaupphæð að og þeir, er fyrir lukkuspilinu standa, breyti nákvæmlega eptir þeim reglum er þjer eða hlutaðeigandi lögreglustjórn kynni að fyrirskipa til tryggingar fyrir því, að engin vandkvæði hljóti af lukkuspilinu."⁵

Helgastaðir í Helgastaðahreppi.

Helgastaðir eru forn landnámsjörð. Samkvæmt Landnámabók bjó þar Eyvindur Þorsteinsson, sá er nam Reykjadal uppfrá Vestmannsvatni, eftir að hafa hrakið Náttfara út í samnefndar víkur við Skjálfaflóa. Eyvindur er sagður hafa gefið staðnum nafn eftir syni sínum er druknaði á Grímseyjarsundi.

Reykðelasaga er fáorð um bændur á Helgastöðum, en nefnir þó til sögunnar Háls Fjörleifarson er mun hafa búið þar nokkru fyrir 1000. Hann kvæntist Helgu Granadóttur frá Arnarstöðum í Eyjafirði. Eitthvað mun hjónabandið hafa verið stormasamt, enda sögð hafa ólíkt lundarfar, því Helga hrökklaðist til föðurhúsa úr Helgastöðum. Háls sótti þó konu sína þangað seinna, með hjálp Áskels goða. Segir síðan ekki meir af þeim hjónum á Helgastöðum.

Í sturlungasögu er sagt frá arfdeilum er nefnd hafa verið Helgastaðamál. Eigandi Helgastaða undir lok tólftu aldar var Guðmundur nokkur Eyjólfsson. Hann gerðist munkur á Þverá og tók þá við búi sonur hans Teitur. Teitur lést síðar niðjalaus í Noregi. Upp komu þá deilur um arf eftir hann og gerður föðurbræður hans kröfu, þar sem Guðmundur, faðir Teits og bróðir þeirra, hefði afsalað eigum sínum er hann gerðist munkur. Guðmundur seldi hinsvegar, eftir lát sonar síns, Eyjólf nokkrum Hallssyni jörðina. Spruttu af því miklar deilur á þingum og var umsátursástand í

⁵ Stjórnartíðindi 1882; bls. 93.

hreppnum um nokkurn tíma. Sættir komust þó á fyrir tilstilli Guðmundar dýra Þorvaldssonar, goða á Bakka í Öxnadal

Sturlunga segir einnig frá bardaga á Helgastöðum um 1220. Var þá staddur þar að vígja kirkju, á Jónsmessunni, Guðmundur biskup Arason “góði”, ásamt mönnum sínum. Sóttu þar þá að honum og mönnum hans fylgismenn Sturlu Sighvatssonar og Arnórs Tumasonar. Varð þar bardagi og vörðust biskupsmenn í kirkjugarðinum á Helgastöðum, uns þeir gáfust að lokum upp, flúðu í kirkju og báðust gríða. Ísleifur Hallsson, bóndi á Þverá í Laxárdal, bauð hinsvegar Guðmundi biskupi heim með sér.

Loks segir frá því í sturlungu að um 1254 hafi Eyjólfur ofsi Þorsteinsson, ásamt fimmtán mönnum, riðið frá Grund í Eyjafirði og í Helgastaði. Tóku þeir Halldór “galpin” bónda þar í baðstofu, að morgni, og drápu hann. Var það hefnd m.a. fyrir það að Halldór hafði nokkru fyrr verið í för með Oddi Þórarinssyni, er hann handtók Heinrek biskup og flutti að Flugumýri. Biskup hafði áður verið búinn að bannfæra Odd og nokkra menn hans.

Helgastaðir urðu snemma kirkjulén (beneficium/lénskirkja) ásamt því að vera þingstaður um langa hríð; *“Lénskirkjustaður eða beneficium var einskonar sjálfseignarstofnun, sem átti heimaland jarðarinnar og aðrar jarðir og ítök eftir tali máldaga. Þessi gæði tilheyrðu þeim prestri er veitingu hafði fyrir staðnum hverju sinni og fékk hann afraksturinn sér til upphalds, en varð að skila eftirmanni sínum öllum eignum óskertum....”*⁶

Kirkjustaður.

Í kaþólskum sið var kirkjan þar helguð Maríu mey og heilögum Nikulási. Hálfkirkja var fyrrum á Breiðumýri en var aftekin fyrir löngu. Hálfkirkja var á Stóruleaugum fram yfir 1712. Bænhús voru fyrrum á Daðastöðum og Hólum í Reykjadal. Einnig er talið að bænhús hafi fyrrum verið á Höskuldsstöðum, Halldórsstöðum, Kasthvammi og Hólum í Laxárdal. Þverá í Laxárdal var annexía frá Helgastöðum til 1670, en var þá lögð til Grenjaðarstaðar. Með lögum frá 1880 var Þverársókn lögð á ný til Helgastaða.

Prestar á Helgastöðum frá um 1380 til 1907

- Kári Bergþórsson; Óvíst hvenær hann fékk staðinn, sleppti honum um 1382.
- Jón Magnússon; Tók líklega við staðnum af Kára, en ekki vitað hve lengi hann hélt honum.
- Þórúlfur Bjarnason; Hélt staðinn um 1400.
- Jón Bjarnason; Má vera sá sami og fékk Grenjaðarstað 1430, hefur þá verið fyrr á Helgastöðum.
- Arnbjörn Markússon; Hélt staðinn frá um 1429 og ef til vill til 1440.
- Þorkell Guðbjartsson; Hélt staðinn frá 1440-1449; Þorkell var sonur Guðbjarts Ásgrímssonar prests í Laufási og konu hans Þorbjargar Þorsteinsdóttur. Þorkell er sagður einn fyrirferðarmesti klerkur á sinni tíð og átti í deilum við ýmsa. Hann varð auðugur maður.
- Ólafur Loftsson; Hélt staðinn eftir 1449, en ekki vitað hve lengi.

⁶ Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður Þingeyjarsýslu; bls. 100.

- Jón Finnbogason; Hélt staðinn um tíma, eða til 1524. Var þá prestur í Múla, eða frá 1491-1524. Jón var sonur Finnboga Jónssonar lögmanns og Málmfríðar Torfadóttur. Jón var síðasti príór í Möðruvallaklaustri, eða frá 1524-46.
- Þorsteinn Sturluson; Hélt staðinn frá 1524, en óvíst hve lengi.
- Hallur Ásgrímsson; Hélt staðinn um 1530, en óvíst hve lengi.
- Jón Ólafsson; Hélt staðinn um 1540, og ef til vill sami maður og var prestur í Nesi á svipuðum tíma. Sá maður átti Tjörn í Aðaldal.
- Bjarni Finnbogason; Sagður staðarprestur um 1554.
- Halldór Benediktsson; Hélt staðinn frá um 1560 og ef til vill til 1577. Hann var launsonur Benedikts Grímssonar sýslumanns á Möðruvöllum. Halldór er sagður vera auðmaður og hinn mesti fjárdráttarmaður og eru til áminningarbréf til hans frá Guðbrandi biskupi fyrir prang og annan ósæmilegan fjárafla.
- Halldór Brandsson; Mun hafa haldið staðinn frá um 1578, en óvíst hve lengi. Hann mun hafa haft umboð Hólastóls í norðurumboði í mörg ár.
- Jón Bjarnason; Vígðist aðstoðarprestur til Helgastaða um 1580, síðar prestur þar. Hann var talinn atgervismaður, kennimaður og andríkur, en lítt hneigður til búskapar. Skáld gott var hann og eru biblíurímur eftir hann í vísnaþók Guðbrands. Einnig er margt til eftir hann í handritum.
- Bjarni Jónsson; Staðarprestur frá 1597 og ef til vill til 1638. Hann var sonur Jóns Ormssonar á Einarstöðum og Þórunnar Gísladóttur.
- Geir Markússon; Fékk Helgastaði 1640 og hélt til 1660. Hann var sonur Markúsar Geirssonar að Ystafelli í Kinn og fyrri konu hans Þorbjargar Jónsdóttur. Geir var áður prestur í Mývatnsþingum. Sagður mikilmenn fyrir sér og nafnkunnur húsasmiður.
- Gísli Jónsson; Aðstoðarprestur Geirs 1660, prestur á Helgastöðum frá 1661 til 1711. Hann var sonur Jóns Gissurarsonar prests í Múla og Margrétar Ólafsdóttur.
- Ólafur Jónsson; Prestur á staðnum frá 1711 til 1742. Hann var tengdasonur Gísla er á undan honum var. Foreldrar Ólafs voru síra Jón Grímsson á Knappstöðum og kona hans Sigríður Sigurðardóttir.
- Jón Jónsson; Fékk staðinn 1742 og hélt til 1782. Hann var sonur Jóns stúdents Jónssonar í Snóksdal og heitmeyjar hans Kristínar Símonardóttur. Jón prestur var talinn með lærdustu prestum sinnar samtíðar, skáldmæltur og orti á latínu. Var jafnan mjög fátækur.
- Hannes Lárusson Scheving; Fékk staðinn 1781 og hélt til 1797. Sonur Lárusar Scheving Hannessonar klausturhaldara og Önnu Björnsdóttur. Sagður búhöldur mikill, hagsýnn og verkmaður ágætur.
- Jón Stefánsson; Hélt staðnum frá 1797 til 1819. Hann var sonur séra Stefáns Halldórssonar í Laufási og Þuríðar Jónsdóttur. Þótti sæmilega að sér og hneigður til jarðyrkju.
- Guðmundur Þorsteinsson; Hélt staðnum frá 1820 til 1827. Hann var sonur séra Þorsteins Jónssonar á Skinnastöðum og Ingibjargar Gunnarsdóttur. Þótti góður ræðumaður, en ekki mikill lærdómsmaður. Hafði jafnan lítið bú. Var greiðasamur, glaðlyndur og vinsæll af sóknarfólki sínu.
- Þorsteinn Erlendsson Hjálmarsson; Sat staðinn frá 1828 til 1829. Sonur Erlendar Hjálmarssonar klausturhaldara að Munkaþverá og seinni konu hans Krístrúnar Þorsteinsdóttur. Átti við heilsuleysi að stríða mestan part ævinnar. Fór úr Helgastöðum vestur í Mýrasýslu.

- Halldór Björnsson; Þjónaði staðnum 1829 til 1830. Sonur séra Björns Halldórssonar í Garði, Kelduhverfi og Þóru Björnsdóttur. Seinna prestur að Eyjadalsá og í Sauðanesi. Þótti hinn merkasti maður.
- Sigurður Grímsson; Hélt staðinn 1830 til 1852. Sonur Gríms Ásgrímssonar í Götuhúsum í Reykjavík og Vigdísar Sigurðardóttur. Var alla tíð mjög heilsutæpur.
- Jörgen Balfer Kröyer; Þjónaði staðnum frá 1852 til 1873. Foreldrar hans voru Jóhann Kaspar Kröyer bóndi á Höfn í Siglufirði og Rakel Halldórsdóttir. Lipur kennimaður og vel látinn.
- Benedikt Kristjánsson; Hélt staðinn frá 1873 til 1876. Var síðan prestur á Grenjaðarstað. Benedikt var launsonur Kristjáns Jónssonar bónda í Stóra-Dal í Svínavatnshreppi og Sigurlaugar Sæmundsdóttur.
- Lárus Eysteinnsson; Fékk staðinn 1881 og hélt til 1884. Sonur Eysteins Jónssonar bónda á Orrastöðum í Ásum og Guðrúnar Erlendsdóttur.
- Matthías Eggertsson; Hélt staðinn frá 1888 til 1895. Sonur Eggerts Jochumssonar sýsluskrifara á Ísafirði og fyrri konu hans Guðbjargar Ólafsdóttur.
- Helgi Hjálmarsson; Prestur á Helgastöðum frá 1895 til 1911. Var hann jafnframt síðasti prestur er sat á Helgastöðum. Varð síðan prestur á Grenjaðarstöðum og hélt til 1930. Foreldrar hans voru Hjálmar Helgason bóndi á Syðri Neslöndum í Mývatnssveit og kona hans Sigríður Pétursdóttir.

Í elsta máldaga sem varðveist hefur, sem er máldagi Auðuns Þorbergssonar Hólabiskups frá 1318 segir eftirfarandi um Helgastaðakirkjustað:

„ Kyrckia a Helgastodum er helgud vorre fru sanctæ mariæ oc hinum heilaga nicholao. hun a heimaland halftt. enn bædi kyrckiu hluti oc reydslu hluti a selfor j haurkzdal. oc þingey halfa og þingstod vm framm. afriett j nattfar wijk. og er þar jtala fra Greniadarstad oc Mulastad. kyrckia a hamra land halftt. enn allt forsland. oc xiiij. kugilldi. kyrkia er altioldud medur biorum. ij. oc sotript. messufot. ij. oc kaleyk. Glergluggar. ij. oc kluckur. iij. sloppar. ij. kantara kapur. ij. mariu skript oc nicholas lijkneske oc ein bok. xij. manada tijder. iij. alltaris klædi. ok varbok. iij. krokstykur. j. messingar styka. j. jarnstyka mykil. iij. krossar. kyrkiu kola. hokull er steindor gaf. Lysitollur oc heytollar af vj. Bæium. þar er prestz skyllid oc diakns. tekur prestur heima j leigu. iij. merkur. Mörk utangardz. yund tali anna. iij. merckur. iij. hundrud j flytianda eyre ...”⁷

Í máldaga Péturs Nikulássonar Hólabiskups árið 1394 segir eftirfarandi um Helgastaðabeneficium:

„ Kyrckia ä Helgastödum er helgud vorre frv sancte Mariæ og hinum heilaga Nicholao.

Hun a allt heimaland og selfaur j Haurksdal. þingey halfua og þingstod vm framm. afriett j Nättfaravijk. og er þar jtala fra Greniadarstad og mvlastad. hun ä Hamra land halft. Enn allt foss land.

þetta jnnan kyrckiu. krossar. ij. smellter. Einn osmelltur. mariu lijkneski. Nicholai lijkneski. sloppur vondur. kantarakapa blä. messuklæda leppar vonder med hokli slitnum. autarisdvkar. ij. vonder oc hofudlijñ slitid. hokull grænn slitinn vijda. corporalia. iij. og. j. j. sundr. fontur med vondum ßvnadi. Glergluggur og þriar merkr j vydi kyrkiulægum. ßiorar ij. med sotdript Tialld vondt karla meginn vm frammkyrkiu. ßlamerctur dvkur yfer Nickolas lijkneski, Brijk steind. alltarisklædi flogur. allvond.

⁷ D.I; Íslenskt fornbréfasafn; II.bindi; bls. 436 - 437.

altaris steirn fastur. og annar laus. kaleykur brotinn og patijna rifin. jarnstyka stor brotin og bundin saman. og adrar fiorar stykur med jarn. Ellbera kier vondt kluckur. iij. og ein rifin j barminn vr einni kolburinn og ä. ij. þorur og hliodlaus lytil þialla brotin. sequentiubækur. ij. paskabok. Grallaraskrä. Enskar bækur. ij. paskabok og Dominicu til aduentu. aunnur fra aduentu og framann til paska. pistlabok og Gudspialla j selskinni. psalltarar. ij. forner. Nicholaus saga. enn skrär nockrar. kyrckiukietill. Glodarkier og paxblad forndt. spialld steindt. sacrarium handklædi. og dvr ovijgdur. kistill. stolar. ij. lectarar. ij. Reliquiæ j þremur pungum. mercki. ij vond. saluns leppur. Elldberi. salun.

þetta j kuikfie. kyr. vij. asaudar kugildi vj. Gielldfiarkugildi. vij. hundrads hross. kuijga tuævetur og skip vondt fyrer annad hross. er kyrckia ätti.

J virdingarfie jnnann veggia halft. vja. hundrad.

Jn summa allt sampt halft. viij. hundrad og xx.

Dedicatio Ecclesie Festum Egidij.

Var þar metinn stadurinn og reyknad. c. portio.

Þar er prestz skylld og diakns. telur prestur heima iij. merkur. enn mork utan gards.

Heytollur og lysisitollur af. vj. Bæium.”⁸

Í máldaga þessum er fyrst getið um að kirkjan eigi Nikulásarsögu. Þetta mun vera handrit það er gengur undir nafninu Helgastaðabók og geymd er í Konungsbókhöðunni í Stokkhólmi. Íslenskir fræðimenn telja Nikulásarsögu vera ritaða á seinni hluta 14.aldar á norðurlandi. Getum er að því leitt að höfundur a.m.k að hluta hennar sé Bergur Sökkason sem var ábóti á Munkaþverá í Eyjafirði fyrir og um miðja 14.öld. Líkur eru taldar á að sagan sé rituð fyrir Helgastaðakirkju, þó ekki sé það fullvíst. Benda menn á að Helgastaðakirkja var helguð heilögum Nikulási (og Maríu mey). Handritið kemst í eigu kirkjunnar um laust fyrir og er í eigu hennar til um 1660, en komst þá einhverra hluta vegna í einkaeign. Jón Eggertsson, eitt sinn klausturhaldari á Möðruvöllum og bóndi á Auðbrekku, komst síðan yfir handritið og flutti það, ásamt fleiri handritum, til Svíþjóðar. Helgastaðabók er af fræðimönnum talinn mesti kjörgripur, enda fagurlega skrifuð og skreytt.

Um 1400 tók Þórúlfur Bjarnason við prestsembætti á Helgastöðum og var þá gerð eignaskrá, sem er nánast samhljóða fyrnefndum máldaga frá 1394.

Um þrjátíu árum seinna tók Þorkell Guðbjartsson við prestsembætti á staðnum og voru þá eignir taldar þessar:

„... kyr x. oc kviga tvævetr. asavdar kvgilldi iij. halft viij. i gelldfie. halft fiorda ofrit i porcionem half mork ens þridia hundrad oc stendur vnder ionne af þessvm peningvm med fvllre leigv þrijv asavdar kvgilldi oc þriar kyr oc eitt gelldfiar kvgilldi.

Item ath avk þessa er olvkt tveir hestar ok tvævett hross oc stadarspell vm atta ær. er þetta hans Reikningr sialfs

Item ornamenta. xxx. boka. kalekr. Messuklædi tvenn vand. glodarker. elldbere. kistv þrvvm klokr iij. oc er ein broten oc kolflavs avnnvr. Mariu likneski oc nikulaslikneski. krossar. ij. smelltir oc einn steindr.”⁹

⁸ D.I; Íslenskt fornbréfasafn; III.bindi; bls.573 - 574.

⁹ D.I; Íslenskt fornbréfasafn IV.bindi; bls. 334 - 335.

Jón Vilhjálmsson Hólabiskup vísiteraði staðinn 1429 og segir svo:

„ Kirkia a helgasodum er helgut vorri frv oc hinum helga nicholao. hon a alt hæima landh ok sælfaur j haurgzdaal. þiney halfua oc þinghstaudh vmfram. afrett j nattfaravik. ok ær þar jtala af græniadarstadh oc mulastadh. hon aa hambbraland allt oc fosslandh.

Innan kirkiu. Marie likneski. nicholas liknæski. krossar ij smeltir. æin osmæltr. Messoklædi tuæm uondh. vidrikt annat sæm sæghir j forno rægiestro. bræstr tioldh af fyrnsku.

þetta lausagodz. x.kyr. iiij asaudar kwgildæ halft seaunda kwgildæ i gældhfæ. halft seaunda j virdingar godzsæ oc ær þar j. ij hundræt j vadhmalum. ij hundratz hestar oc æitt tolf aura hross. æin quigha gior firir iiij aagildæ.

Porcio ecclesie vm t(u)an aar mædan olafr gudmundzson heldt mork vm bædi arem.

Dedicacio ecclesie in testo sancti egidii abbatis.¹⁰

Sama ár veitti Jón biskup Arnbirni Markússyni staðinn fyrir bænarstað Lopts bónda og Ingibjargar konu hans:

„ Wer jon med gudz nadh biscop á holum gerom ollum monnum vituligt oc kunnikt med þesso uaro opnu brefæ ath ver hofum firir bæn loptz bonda oc hans hustrv hustrv jngibiargar worra ælskoligra vina wæitt oc skipat stadæn oc kirkona helgastadæ j Ræykiadaal arnbirnæ (marcus)syne vm æina tolfmandadæ vpp fra nestum fardogum oc til annara nest eftir konandæ med ollum þeim goghnum oc gædum j faustu oc lauso j mine hlut oc mæira j fridu oc ofridu sæm þar til liggr oc lægit hefer fra forn oc nyio pretr porcionem"¹¹

Tveimur árum seinna segist Jóni biskupi svo um eignir Helgastaðar:

„..... a kirkian ij bæi. liggia þar til vj jardir. þriar jardir (bygdar) oc þriar obygdar. porcio xvij alner. ellefu kyr med quigv. flogur asaudar kugilldi. vj gielldfiar kugilldi. j kwm hundrat. j hey hundrat oc mork betur hundratts hestr. hross þrævett. sæx aurar ens þridia hundrads j vadmalum oc vidum. j virdingargoze half v (hundrat)"¹²

Árið 1449 urðu skipti á prestum á staðnum:

„ þetta var goz a helgastavdm er síra þorkell prestur lykti enn olafvr loptson tok med.

xj kyr. ij. asavdar kugilldi. x. kvgilldi j gelldv m navtvm. halft fiorda hvndrath j ofridv gozi. ij hestr oc hross.

halft annat hunndrath lyjkt j porcionem vm vij ær. item ornaments kirkivnnar...¹³

Í skrá yfir góss kirkjunnar frá 1524 sem aldrei var fullgerð kemur aðeins fram að kúgildi voru þar 5 og einn hestur.

Í jarðabókinni segir eftirfarandi um Helgastaði:

„ Kirkjustaður og beneficium.

Jarðardýrleiki óviss, því staðurinn hefur ekki túndast so menn viti.

Ábúandinn ekkja Sr. Gísla Jónssonar Elen Jónsdóttir, og er þetta hennar náðarár.¹⁴

Landsskuld óviss, því staðurinn hefur aldrei á leigu byggt so menn viti.

Kirkjukúgildi engin hjer heima.

Kvaðir eður ískylda alls engin.

¹⁰ D.I; Íslenskt fornbréfasafn IV.bindi; bls. 376.

¹¹ Íslenskt fornbréfasafn; IV.bindi; bls. 389.

¹² Íslenskt fornbréfasafn; IV.bindi; bls. 468.

¹³ Íslenskt fornbréfasafn; IV.bindi; bls. 758.

¹⁴ Fyrsta árið eftir lát prestsins, mátti ekkjan búa á prestsetrinu

Kvikfjenaður vi kýr, I ær, xiiii sauðir tvævetrir og eldri, xxiii veturgamlir, xxxix lömb, iiii hestar, i hross. Fóðrast kann vii kúa þungi. Útigangur í meðallagi, þó þarf roskið fje hjer um til þriðjunga, lömb mestan part fóður og hestar jafnlega heystyrk. Skógur til kolgjörðar og eldiviðar bjarglegur í heimalandi fyrir vestan Fljótsheiði nálægt Fossseli, brúkast lítt til eldiviðar, því erfitt þykir yfir heiðina. Torfrista og stúnga bjargleg. Fjalldraparíf til eldiviðar bjarglegt. Silúngsveiði með dráttar og lagnetjum í Vestmannsvatni að góðu gagni, og so mætti hafa nokkra veiði í Reykjadalsá, sem ekki brúkast. Seltöðu á staðurinn fram á heiðinni í Hörðdal og er sú selstaða bygð Arnarvatns ábúendum fyrir xx álna toll.

Upprekstur fyrir allan afrijettarpening staðarins í Náttfaravíkur hefur áður brúkast, nú ekki. Hálfá Þingey á og staðurinn til afrijettar, hún liggur í Skjálfandafljóti, brúkast öðru hvörju fyrir lömb og (geldfje á) sumur. Item Skuldaþingsey alla í sama vatnsfalli, þangað eru stundum lömb látin.

Engið er sumstaðar yfir máta votlent í mitti og mjaðmarhöfuð, mjög blautt í botninum og ilt að vinna, en sumt engið er á þurru, sem Reykjadalsá spillir öðru hvörju með sandáburði. Úthagarnir eru bæði litlir og snögglendir, og væri full þörf að brúka selförina, sem nú verður ekki við komið, því þangað er mjög langt að sækja og víða seinfært og slitrótt. Vatnsvegur í lengra lagi í Reykjadalsá.

Helgastadakot, eyðihjáleiga bygð á staðartúninu fyrir vel 40 árum, hefur nú í eyði legið undir xx ár.

Landskuld xl álnir í landaurum heim til staðarins.

Leigukúgildi i. Leigan í smjöri heim til staðarins.

Kvaðir öngvar.

Fóðrast kunnir i kýr, og er það áður staðnum talið.

Ekki má hjer aftur byggja nema staðnum til rýrðar.

Bessastader kallast fornar tóftarústir litlar á staðartúninu, og er sagt þar hafi hjáleiga að fornu verið, af fallin fyrir manna minni. Ekki má hana aftur byggja nema staðnum til rýrðar.¹⁵

Um og eftir miðja síðustu öld eru Helgastaðir fátækt brauð. Sést það af brauðamati er fram fór á landinu 1853 og var endurskoðað 1870. Með tilskipun konungs frá 15. desember 1865 var prestaköllum á Íslandi skipt í eftirfarandi flokka;

1. Aðalbrauð með 700 rdl. tekjum og þar yfir.
2. Betra meðalbrauð með 500 - 700 rdl. tekjum.
3. Lakari meðalbrauð með 350 - 500 rdl. tekjum.
4. Fátæk brauð með minni tekjum en 350 rdl á ári.

Brauðamat í Þingeyjarprófastdæmi 1853/staðfest 1865 og endurskoðað 1870.

Útdráttur:

Brauð	Mat 1853	Endurmat 1870
Grenjaðarstaður	709 rdl. 50 sk.	1043 rdl. 95 sk.
Múli og Nes	451 rdl. 55 sk.	645 rdl. 17 sk.
Þóroddsstaðir	248 rdl. 11 sk.	366 rdl. 83 sk.
Helgastaðir	237 rdl. 53 sk.	343 rdl. 10 sk.
Húsavík	233 rdl. 80 sk.	297 rdl. 31 sk.
Lundarbrennubing	177 rdl. 62 sk.	238 rdl. 68 sk.
Mývatnsþing	164 rdl. 33 sk.	277 rdl. 38 sk. ¹⁶

¹⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns; Þingeyjarsýsla; 11. bindi; bls. 177-79.

Um og eftir 1780 átti Hannes Scheving prestur á Helgastöðum í deilum við Þorstein Jónsson um skógarhögg hins fyrnefnda í landi Halldórsstaða og Parts. Þorsteinn þessi bjó m.a. á Litlu Laugum í Reykjadal 1781 til 1793 og hafði þá umboð Reykjadalssjarða. Árið 1792 keypti hann Reykjahlíð við Mývatn og bjó þar frá 1793 og til æviloka, eða til 1828. Um deilur þessar segir svo í Alþingisbókum Íslands;

„ Þann 9. júlí f.m settist í lögþings réttinn hr. lögmaður S.Thórarinsson og eftirspurði, hvort nokkrir málspartar úr vestan og norðan lögdæminu væru til lögþingsins komnir, og innfann sig enginn fyrir utan prestinn sr. Hannes Lauritsson Scheving innan Norðursýslu, sem mætti fyrir lögþingsréttinn og framlagði eina lögþings réttarstefnu dato 24. Maí næstliðin undir hendi og signeti sýslumannsins í Skagafjarðar sýslu, sgr. Vigfúsar Scheving (eftir skriflegri fullmátt hr. lögmansins Stefáns Thórarinssonar) hvers með stefnist sýslumaðurinn í Norðursýslu, sgr. Vigfús Jónsson, til að forsvara sinn að Helgastöðum þann 28. febr. og 1. Martii nærstl. afsagða dóm og inserlocutoria í einni sök milli prestsins sr. Hannesar Scheving og Reykjadalssjarða forpragtarar, Þorsteins Jónssonar, rísandi út af viðarhöggi í skógi jarðanna Halldórsstaða og Parts. Forpragtarinn Þorsteinn Jónsson stefnist og til að forsvara sína action í héraði samt grófyrdi í stefnu og innleggi, so vel sem heyra citanteus irrettesettelser, undir endilegan lögþings dóm, með víðara, sem sama lögþings réttar stefna með sér færir, upplesin, not. lit. A Stefnan er viðkomendum auglýst sem hennar uppáskriftir sýna.

Þeir innstefndu málspartar voru þrisvar upphrópaðir og mættu ekki.

Þar næst framlagði presturinn sr. Hannes Scheving proces og dóm í þessari sök, genginn að Helgastöðum af sýslumanni Vigfúsi Jónssyni þann 28. Febr. og 1. Martii nærstl., í hvors slúttningu presturinn sr. H. Scheving er dæmdur að betala til konungsins hálfra aðra mörk verðaura fyrir skógar áverka á kongs jörðinni Halldórsstöðum og fyrir óheimilar aðtektir þrjár merkur, hálf til konungs og hálf til forpragtarans mr. Þorsteins Jónssonar; en fyrir áverka bót á skógi bóndaeignarinnar Parts er presturinn dæmdur til að betala til sr. Þorsteins hálfra mörk og í landnám aðar hálfra, með víðan, sem sami proces og dómur með sér ber, upplesinn, not. lit. B.

Vegna þeirra innstefndu málsparta burtuveru varð í þetta sinn ekkert meira fyrir tekið í sökinni, heldur voru af réttinum víðari aðgjörðir í henni útsettar til næstkomandi mánudags, þess 14. da hujus, hvar við þó ekki fyrirbyggt, að sökin áður henni að fyrirtakast, ef þeir innstefndu skyldu innan nefnds tíma innfinna sig hér á lögþinginu.¹⁶

Seinna segir síðan um sama mál:

„ Þann 14. Júlí settist í lögþings réttinn hr. amtmaður S.Thórarinsson og lét upphrópa málsparta úr Norðursýslu; mætti só presturinn sr. Scheving til að agera þá sök, sem nærstl. 9. hujus var hér við réttinn anhængig gjörð; einninn mætti mr. Þorsteinn Jónsson og framlagði innlegg af dags dato, hvar með hann vill forsvara sína action í héraði, með víðara, sem það meðfærir, uppleið not. lit. C.

Munnlega uppástendur presturinn, að hann hafi ei látið höggva eður taka hrís í Halldórsstaða eða Parts skógum, eftir það hann hafi af mr. Þorsteini þar um verið munnlega aðvaraður, og segir það sé ei heldur að finna í processinum.

Enn nú framlagði mr. Þorsteinn innlegg af dags dato, hvar inni hann viðbýðst að innkalla fyrir rétt bóndann Jóseph að sanna með eiði það hann hefur fyrir héraðsréttinn framsfært. með víðara, sem það meðfærir, uppleið, not. lit. D.

Noch framlagði hann innlegg, af dags dato, sem er hans umkvörtun yfir grófyrdum prestsins í stefnu og innleggi, með víðara, uppleið, not. lit. E.

Munnlega uppástendur hann, að endilegur lögþingsdómur verði ei afsagður í sökinni, fyrri en sýslumaður Vigfús Jónsson sem dómari í héraði sé hér til staðar að forsvara sinn dóm.

¹⁶ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands; III.bindi; bls; 243-252.

¹⁷ Alþingisbækur Íslands XVII.bindi; bls. 131-32.

Innlegg framlagði presturinn sr. Scheving sem er hans paastand og irrettesettelse mót mr. Þorsteini með víðara, sem það meðferir, upplesið, not. lit. F.

Hr. amtmaðurinn eftir spyr mr. Þorstein hvört hann kunni nokkur lögleg forföll að bevísa, hvar fyrir hann sem málspartur hafi ei mætt hér í réttinn fyrri. Hvar til mr. Þorsteinn svarar; Að ófær vötn og þreyttir hestar hafi hindrað sig frá að koma fyrri.

Víðaravar hann aðspurður, hvörjar þrengjandi orsakir hann hafi haft til að fara að Haukadal og dvelja þar. Hvar til hann svarar; Að það hafi verið þreyttir hestar og til að fá sér þar mat keyptan.

Par partarnir sögðust ei hafa víðara að framfæra í sökinni voru víðari aðgjörðir í henni útsettar af réttinum til þess 18 hujus.¹⁸

Síðar segir í Alþingisbókum Íslands:

„ Sama f.m. afsagði hr. amtmaður Thórarinsson eftirfylgjandi lögbings-dóm í skógar-sökinni úr Norðursýslu;

Hvört heldur materia eður forma þessarar sakar er aðgætt, ber sá í henni gengni héraðsprocess og dómur það yfir allt augljóslega með sér, að citanten fyrir þessum lögbings-rétti hefur haft ærnar orsakir til að átala þá sömu. hvað því fyrra eður sakarinnar materiú viðvíkur, þá hefur Reykjadal's jarða forpaktari, mr. Þorsteinn Jónsson, innan Norðursýslu undir 13. Febr. h.a. stefnt sóknarpresti sínum, sr. Hannesi á Helgastöðum, fyrir ólöglegt og skaðvænlegt skógarhögg í jarðanna Halldórsstaða og Parts landar-eignum, af hvörjum sú fyrri er ein af þeim, sem nefndur Þorsteinn hefur forpaktað, en sú seinni ein bænda eign, sem hönum ekki tilheyrir, heldur alleina fyrir hann er sett í caution til hans Majsts. En í þeim í þessari sök gegna process er þó bevísað:

a.) Að það, sem presturinn hefur látið taka í nefndum so kölluðum skógum, hefur úr þeim báðum til samans ekki verið meira en eftir gizkningu í hæsta lagi meðalklyffar á 3½ hest.

b.) Að presturinn hefur brúkað þessa so nefndu skóga eftir jarðanna ábúenda tilboði og leyfi, hvört Halldórsstaða leiguliði því heldur mátti í nauðsyn gefa presti sínum sem það ekki stríddi móti því hönum gefna byggingar bréfi, sem í processen er innfært, og hann þar að auki hefur vænt húsþónða síns, mr. Þorsteins, munnlegs leyfis til að ljá öðrum þennan kratskóg, að so miklu leyti sem svara kynni hálfri Halldórsstaða landskuld eftir N.1.3.14.34., hvörju nefndur Þorsteinn ekki heldur fyrir héraðs-rétti hefur mótsagt. Auk þessa er og með attestu fyrrum prestsins á Helgastöðum, sr. Jóns Jónssonar, bevísað, að í hans tíð hafi það verið brúkanlegt og óuppátalið, að presturinn á Helgastöðum hafi accorderað sér hrístak í Halldórsstaða landi og þar á móti aftur leyft þessarar jarðar ábúanda fjárbeit í prestagarðins landi, þegar þar voru meiri jarðar-snöp en í hinu; og líka þénustu eður eins hagkvæma, sýnir processen, að sr. Hannes hefur vísað Halldórsstaða bóndanum, hvör jafnvel hefur angefið, að Halldórsstair ekki mundu byggjast, ef þeir ekki nyti neins af Helgastaða herlegheitum.

c.) Er bevísað, að presturinn hefur brúkað þetta lítilræði af hrísi til nokkurrar hjálpar til í einu miklu heyleysis og hardendis ári að halda lífi í þeim nautpening, sem hann hafði á prestagarðinum Helgastöðum.

d.) Að þessir so kölluðu skógar voru til einskis brúks en þessa nytsamlegri og varla til nokkurs hæfir utan til að brennast, eftir því það alleina eru lítilfjörlegir krat-, en öngvir birki-skógar, esm brúkast kunnu til bygginga eður húsaviðar.

Það er og stríðandi so vel móti náttúrunnar sem því setta lögmáli að taka so hart á því sem sýslumaðurinn í sínum dómi hefur gjört, að þvílíkir skógar sem þessi notist til þess, hvar til þeir af náttúrunni eru mest nytsamlegir (því eftir processinum eru þeir varla brúkanlegir til kolagjörðar), einkum í soddan nauðsyn og hörðu ári sem þetta var í Norðursýslu, og það þar að auki ekki finnst í héraðsprocessinum með einu atriði bevísað, að skógurinn við prestsins sr. Hannesar brúkun sé skemmdur eður spjallaður, hvað þeir og af því litlu, sem hann þar

¹⁸ Alþingisbækur Íslands XVII.bindi; bls. 135.

með kníf eða sniðil hefur látið taka og aflíma, varla geta verið, og ekki heldur finnst þar yfir gjörð nokkur syns eður aasteds forretning.

Þetta er nú það sérlegasta af því, sem í tilliti til þessarar sakar materiu ber vitni um, hvörsu hart citanten, presturinn sr.Hannes, hefur orðið úti við þann yfir hönum afsagða héraðspings dóm, sem tilfinnur nefndan prest að betala til kongs og karls til samans 5½ mörk fyrir þessa í nauðsyn og með ábúandanna fullkomnu leyfi brúkaða so kallaða skógaryrkju eður réttara hrístak, hvað sýslumaðurinn þó í sínum dóm kallar óheimildar aðtekt, og hefur fyrir það dæmt 3merkur til kongs.

En hvað sakarinnar formnam snertir, þá er henni ekki heldur betur varið, því:

a) Hefur sýslumaðurinn þvert á móti N.I.I.b.11.cap.ekki haft að neinu prestsins ástæðu um, að ábúendurnir, sem höfðu heimilað hönum hrístakið, skyldu sækjast og svara fyrir þessa sök, og það ekki, jafnvel þó sá eini af þeim, nefnilega Halldórsstaða bóndinn, sjálfur mætti fyrir réttinum og viðstæði sitt prestinum gefna leyfi og heimild, fyrir hvörja hann átti að svara, og Þorsteinn að hafa sitt regress til hans, hefði hönum annars eftir ofantöldu nokkurt tilkomið.

b) Finnst það hvergi í processinum bevísað að mr. Þorsteinn sé eður hafi verið competent til að uppá tala þann skaða, sem hann meinti, að Parts skógi væri af prestinum orsakaður, þar Þorsteinn sjálfur ekki á þessa jörð og ekki heldur hefur framlagt neina fullmágt Parts eiganda til að höfða nokkra sök móti prestinum.

c) En á sjálfu áverka plátsinu aldrei gjörð eður haldin nokkur syns forretning eður sá uppátalaði skaði eður spjöll löglega metin, hvað þó endilega átti að ske bæði eftir N.I.I.16. og Landsl.b.19.cap. og það hér því heldur sem bæði Einarsstaða og Múla skógar liggja í grennd við þá, út af hvörjum þessi sök er risin, hvörs vegna hefði verið nauðsynlegt og so vegna landamerkjanna, að ein lögleg og fullkomin aasteds forretning hefði verið gjörð eftir laganna tilhaldi, áðuren presturinn var dæmdur til að betala so vanvirðilegar batur og landnám, sem ekki heldur gat fundið stað utan eftir löglegri aasteds forretningu. Já, það má ekki heldur kallast so fullkomlega bevísað sem í þessari sök vera ætti, að hrísið af prestins sr. Hannesar mönnum sé upptekið einungis í Halldórsstaða og Parts landareignum, þar landamerkin aldrei hafa verið skoðuð, og enn nú síður er það bevísað, hvörsu mikill áverkinn hefur verið á jarðanna Halldórsstaða og Parts skógum hvörri fyrir sig, heldur hefur þetta verið látið koma alleina uppá slump og gátur, eins og þar að auki markspjöllin sjálf, hvör sýslumaðurinn hefur látið sín þingvitni eftir vitnanna lausri útsögn meta og geta uppá heima í Helgastaða þinghúsi, án þess að nokkur kæmi á plátsin.

d) Innihalda bæði sýslumannsins dóms þræmissar og hans innlegg fyrir þennan lögbings rétt aðskiljanlegt, sem ekki er samhljóða processinum og þeim færðu vitnum, so sem til dæmis:

1) Að presturinn ekki hafi haft hey fyrir stórt meira en helming af sínum nautpening, sem er aldeilis móti vitnanna útsögn.

2) Að presturinn, sem sjálfur sé beneficeraður með langt stærri og betri skóg¹⁹, hefði getað notað sér hann á fyrirfarandi vetri, þar þó flestöll vitnin hafa álitid það ógjörlegt.

3) Að presturinn hafi í forboði forpagtarans Þorsteins brúkað þessa hrís-skóga, þar þetta so kallaða forboð þó aldrei finnst að hafa prestinum birt verið og aldrei heldur löglega sjálfum ábúendanum á Halldórsstöðum, og til að innsjá, hvörsu ólögmaett þetta á sunnudags morgni utan vitna sýnda forboð bóndanum á Halldórsstöðum var, hefði undir-dómarinn og mr. Þorsteinn alleina þurft að lesa N.I.I.19.22.

4) Að presturinn tvisvar hafi látið drífa 60 fjár í skóginn, jafnvel þó ekkert af vitnunum hafi sagt, hvað margt fé hafi verið, og eitt vitnið þar að auki útpykkilega vitni, að það í fyrra sinni enga stund hafi ástadið, en í seinna sinn nokkuð lengur. Enda hefði og presturinn Halldórsstaða ábúanda leyfi til reynslu að láta reka féð í þennan so nefnda skóg.

Yfir allt hefur og sýslumaðurinn í sínum dóm útfært þessar ógrunduðu og óbevísuðu sakargiftir með meidandi og ósæmilegum atkvæðum uppá prestinn, og ekki með einu orði hefur heldur sýslumaður getið þess, sem þó er vitnað í processinum, að bæði sýslumaðurinn

¹⁹ Hér er átt við Fossselsskóg.

sjálfur so vel sem Parts, Öndólfsstaða og Halldórsstaða ábúendur hafa á afliðnum harða vetri eins og presturinn sr. Hannes brúkað Halldórsstaða hrísskóg til bjargar þeirra peningi, og þó sem billegt var, sloppið ákærulausir þar fyrir; þó hefði það samt átt að gjöra so mikið, að aasteds forretning og so þessvegna nauðsynlega hefði átt að gjörast, því heldur sem fleiri höfðu brúkað skóginn, til eftir hvers eins áverka að meta spjöllin, ef nokkur voru.

Hvað því viðvíkur, sem í vitnaleiðslu actinum hefur so mjög verið leitast við að fá bevisað og sem sýslumaðurinn og so ekki utan móðsyrða uppá prestinn sr. Hannes áminnist, að presturinn nefnilega fremur öðrum hafi komist so vel af, að hann öngvu hafi þurft að lóga af sínum peningi, þá bevisar það ekki annað en að það sýnist sem að bæði dómarrinn og citanten í héraði hafi verið óánægðir með þessa prestins lukku.

En hvað þá samlíking áhrærir, sem sýslumaður Vigfús Jónsson í innleggi hér fyrir lögbings réttinn hefur gjört til forsvars sínum dómi, millum Danmerkur og Noregs stóru eikar- og greni-skóga og þess litla Halldórsstaða krat-skógar, þá passar hún ekki betur til þessarar sakar en það 5ta hjól til eins vagns og hefði heldur af sýslumanninum ekki kunnað að brúkast, hefði hann aðgætt eður vitað, að svoddan krat-skógar sem Halldórsstaða er í allri Noregi og jafnvel líka í Íslandi almennilega brúkast til að fódra pening með.

Í tilliti til ofanskrifaðs dæmist því fyrir rétt:

Peim af sýslumanninum í Norðursýslu, Vigfúsi Jónssyni, þann 1. Martii h.a. að Helgastöðum afsagða héraðspings dóm í þessari sök er af þessum lögbings rétti sem ógrunduðum aldeilis fráfallið. Til justitz-cassen betalar nefndur sýslumaður eftir forordningarinnar af 16. Novembr. 1764 15.art. 1 rdr. og forpagtarinn mr. Þorsteinn í process kostnað fyrir þessum lögbings rétti til prestsins sr. Hannesar 4.rdr. courant, en frá mulct fyrir oflanga burtveru frá lögbings réttinum eru þeir innstefndu fríteknir í tilliti til þeirra angefnu bágenda og harðinda. Það ídæmda lúkist af viðkomendum innan 6.vikna eftir þessa dóms löglega birting, undir aðför eftir lögnum. Hvað annars áhrærir stefnu-póst sr. Hannesar um skemmu uppbrotið, þá kann sú sök hér ei að fyrirtakast, heldur hlýtur hún fyrst a prima instantia löglega að innstefnast og uppádæmast.²⁰

Lögfesta Helgastaða. Upplesin á manntalsþingi að Helgastöðum 20.júní 1867.

„ Eg undirskrifaður prestur á Helgastöðum Jorgen Krøyer í Reykjadalinn innan Norðursýslu, til Helgastaða og Einarsstaða prestakalla, lögfesti hér með í tjéðs staðar heimalandi, tún og engjar, hrís haga og hús, vötn og veiðistaði og alla þessa staðar hagsmuni til lands og vatns, að ítaldri hálfri Þingey með sínum forna þingstað þar, sem ekki eru með lagadómi frá jörðinni geingnir. Lögfesti eg staðarinn land, að utanverðu, allt úti þann garð, sem liggur nærst fyrir sunnan Höskuldsstaðavallargarð, hverað liggur úti Vestmannsvatn sunnan undir Gráblesa í Skarnvík niður, fyrir hverjum garðsenda, að fornu og nýu, nefndur hefur verið Skiptidráttur; og á líkan hátt lögfesti eg einnig allt svo kallað Þjéturseingi, og allt land frá staðnum úti Vestmannsvatn þessumegin Reykjadalssár.

Sömuleiðis lögfesti eg hér með þann landspart fyrir austan Reykjadalssá, sem að fornu og nýju er nefnd Helgastaðaey, sem liggur andspænis gegn heimastaðnum og staðarinn heimalandi, að sunanverðu í djúpan poll utan undir svo kölluðu Selholti, og er sagt að þar hafi runnið Reykdælaá til forna að nokkru leyti og í kílfar það sem liggur út austur frá pollinum og er enn vel sjáanlegt með fjadragrasi, og má en sjá það úteftir nokkuð lengra en á móts við kotið, sem er upp í mólendinu með fornum tóptum, og talið er í Halldórsstaða landi, og út frá því koti strags á nærsta hól, sjést aptur garður, sem liggur með öllu mólendinu út fyrir svonefndan Eijarkíli er skjer sig fram í Reykjadalssá rúmum spöl utar en á móts við svo nefndan Helguhól.

Einninn lögfesti eg jörðina Hamra, Helgastadakirkjueign, ásamt Hamraseli, fyrir vestan heiði, með öllum gögnum og gjæðum, túni og engjum og haga og öllum landsnyttum, sem

²⁰ Alþingisbækur Íslands XVI. bindi; bls. 165-69.

þeirri jörð að lögum fylgja ber, og eru landamerkja örnefni þessi milli Glömbæar og Hamra; fyrst á garð þann, er gengur úr Reykdælaá upp að mólendinu, þar næst réttýnis úr þeim garði upp í vallargarðinn, sem skiptir tünnum milli Hamra og Glömbæar, og svo réttýnis upp í Klöpp í garð þann, er liggur beinlínis vestur eptir heiðinni í grófina vestan, hverr garðsendi stefnir í þær ...þúfur, sem liggja að sjónhending úti og yfir á skógarbrún, og þaðan á móts við Bjargeyjarsporðinn ytra.

Allt Fosssels land lögfesti eg, útölulaust fram í gegn, ásamt Brenniseli, allt á móts við hjer tiltekinn landamerki, að vestanverðu heiðarinnar og út fyrir Fosssel, allt út í lágina nærst fyrir sunnan svonefndan Skógarhöfðann ytsta, sem nokkurn veginn horfir móti Stórasteini, sunnarlega á Vaðsey, en að utan lögfesti eg Fossselsland frá fyr sögðum ysta Skógarhöfða, og austur í Torfristuhvamm, þaðan sjónhending og austur í merkjagarðinn lánga, sem liggur fyrir austan mýrina, eptir endilangri heiðinni.

Hér að auki lögfesti eg gjörvallt Hörgsdalsland, sem Helgustaðakirkjueign til þeirra takmarka og örnefna, að austanverðu, milli þess lands og Gautlanda, er kallast Föglugróf - almennara Faxagróf - að sunnan og austan eftir því sem Dýnulækur heldur rétti að sunnan á milli Jafnafells og svo vestur eftir sunnan til við Brennitjörn, að vestan frá því sem Lángilækur heldur fremst frá landamerkjum, fáum föðmum frá Kálfborgará, skammt fyrir utan Kálfborgarárvatn, af Grjótmel þeim, er liggur út frá Kálfborgarárvatni þaðan í þúfu skammt fyrir utan, þaðan beina stefnu út Illugasundsás, og síðan til Svartabakka, sem aðskilur Stafnsland, og úr því skilur grófin að norðanverðu og tekur við Laugaselsland.

Einnig lögfesti eg hér með hálfu Þingey, og þingstað umfram, sem og gjörvalla Skuldapíngsey.

Þessvegna fyrirbyð eg hér með undir lagasektir, hverjum sem einum hér að framan nefndar eignir Helgustaðakirkju, að hagnýta sér innan hértítekinnna landamerkja án minnar heimildar. Sje nokkur, mót von minni ón ánægður með þessari lögfestu - hver grundvölluð er á ótvíraðum og authoriseruðum kirkjunnar máldögum og vitnisburðum frá fornri tíð, hlýtur hann að lögum í tíma að leggja Fimmstarstefnu gegn henni, þar eð öll önnur afmán í þessu tilliti, ekki gitur metist, að hafa lagagildi, ellegar standi þessi Lögfesta mín við fullann krappt og ákveðið lagaform.

Helgastöðum 17da Júníman. 1867

J Kröyer

Prestur til Helgastaða og Einarssstaða

a) Áfríað af eignum jarðarinnar Höskuldsstaða að því leyti sem þessi lögfesta gengur útyfir rétt téðrar jarðar eptir eldgömlum lögfestum og vitnisburðum.

b) Líka að því leiti að hún stríðir á móti eldgömlum brúkunarrétti Halldórsstaða og sannrýni”

vitna: J Jóakimsson

P.Magnússon
Hjónsson ²¹

Hér í þessari lögfestu Helgastaða er getið um Helgastaðaey, en tæpum eitt hundrað árum áður lá fyrir vitnisburður bónda í Helgastaðahreppi um þessa ey. Hljóðar hann svo;

„Eptir ósk sóknarprestsins síra Jóns Jónssonar á Helgastöðum til mín Jóns Árnasonar búanda að Litlulaugum, að eg vildi sannferðuglega og þriflega auglýsa hvað eg hafi tilheyrt og haldið vera um ásigkomulag nefndrar og lengi lögfestrar Helgastaðaeyar fyrir austan Reykjadalssá þá gjöri eg her neð vitanlegt; að í minni tíð það eg til man, sosem eg er nú 71 árs gamall, þá hefur það land frá aldurs árum verið

²¹ Kirknaskjöl; Suður Þingeyjarþing. Handrit á Þjóðskjalasafni.

haldið og sagt Helgastaðaeý sem liggur fyrir austan Reykjadalsá að sunnanverðu í þann poll sem er fyrir utan Selholtið svokalla, sem svarar á móts við Álftatjörn að vestan verðu Staðarins og úr nefndum polli í þann farveg að austanverðu er Skér sig fram í Reykjadalsá, rúmum spöl utar en á móts við Helguhól - En eptir nefnda Helgastaðaeý hef eg heyrt í öndverðu hafi galdið verið 5 aurar uppá Landsvísu, nefnilega 20 álnir af Halldórsstöðum en 10 álnir af Parti-.

Þessum mínum vitnisburði til staðfestu er mitt undirskrifaða nafn að Helgastaða settu manntalsþingi þann 3iðja maí 1775.

Jón Árnason

með vitnar Jón Jónsson búandi að Einarstöðum. Þessum vitnisburði þinglýst 1775.

En fidem

Steingrímur Jónsson"

Extract af síra Hannesar sál Lauritzon Scheving specification yfir Helgastaða beneficium.

dati 29ða juli 1782

Hinumegin Reykjadalsár tilheyrir heimastaðnum landspartur er kallast Helgastaðaeý, hvör að undanfögnu hefur léð verið öðrum til beitar fyrir 15 álna eptirgjald, en sakir landleysis staðarins heima um sig hlaut eg að færa hana til minna eigin gripagaungu..²²

Með konungsúrskurði árið 1872 var kirkjan á Helgastöðum lögð niður og sóknin sameinuð Einarstaðasókn.

Í bréfi kirkju og kennslustjórnarinnar frá 27.júní 1872 til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um samlagningu sókna í Þingeyjarsýslu segir svo;

„ Eptir að hingað hafði borist bréf yðar herra stiptamtmaður og yðar háæruverðugi herra dagsett 10.apríl. þ.á hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju og kennslustjórnarinnar þóknast 18.þ.m allramildilegast að fallast á;

að Helgastaðakirkja í Þingeyjarsýslu í norður og austur umdæmi Íslands verði lögð niður og að Helgastaðasókn verði sameinuð við Einarstaðasókn, þannig að Einarstaðakirkja verði ein kirkja í sókninni, þar sem halda skal guðsþjónustugjörð á öllum sunnudögum og helgum dögum.

að Helgastaðakirkja ásamt portjón hennar og því sem henni fylgir verði samkvæmt samningi þeim sem gjörður er við eigendur Einarstaðakirkju, fengin þeim til þess hin verði rifin, með því skilyrði, að þeir á eigin kostnað og án nokkurs tillags frá Helgastaðasöfnuði stækki Einarstaðakirkju svo sem kann að þurfa sökum þess að Helgastaðasöfnuður verður sameinaður við Einarstaðasöfnuð.

að eigendur Einarstaðakirkju greiði prestunum í kallinu jafnskjótt og sóknirnar eru lagðar saman, aðeins helming leigu þeirrar, sem þeir áður hafa galdið af kúgildum Einarstaðakirkju, 6 fjórðunga²³ af smjöri og

að það verði falið stiptsyfirvöldum yfir Íslandi á hendur að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf í þessu tilliti.²⁴

²² Hreppskjöl.

²³ 60 pund

²⁴ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands; III.bindi.

Í skýrslu um ástand og fjárhag kirkna 1864 - 1877, segir svo um kirkjurnar á Helgastöðum og Einarstöðum;

Tekjur	1864	1867	1869	1871	1873	1875	1877
Helgastaðakirkja	404 kr.	441 kr.	466 kr.	495 kr.	-	-	-
Einarstaðakirkja	-	-	-	-	778 kr	963 kr	1134 kr

Skuldir

Helgastaðakirkja	-	-	-	-	-	-	-
Einarstaðakirkja	532 kr.	341 kr.	217 kr.	51 kr. ²⁵	-	-	-

Í ársbyrjun 1896 brunnu íbúðarhúsin á Helgastöðum og þar með mestur hluti embættisbóka prestsins. Var þá farið að huga að byggingu nýs bústaðar fyrir prestinn og hans fjölskyldu. Í bréfi landshöfðingja til stiptsyfirvalda yfir Íslandi frá 27. ágúst 1897 segir:

„Samkvæmt beiðni prestsins á Helgastöðum, sjera Péturs Helga Hjálmarssonar og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar herra biskup, í þóknanlegu bréfi dagsettu 29. maí. þ.á. vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki allt að 2250 kr. embættislán upp í tekjur Helgastaðaprestakalls í Suður Þingeyjarprófastdæmi til að koma upp á prestsetrinu, í stað hinna gömlu bæjarhúsa, er brunnu í eldsvoða 21. febrúar f.á., en sum voru orðin mjög hrörleg, vönduðu timburhúsi 12x12 álnir að flatarmáli, tvíloptuðu, 9 álna háu undir ris, með steinlímdu kjallara undir öllu húsinu, og með haganlegri herbergjaskipan, eptir því sem prófasturinn í Suður Þingeyjarprófastdæmi samþykkir. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að eigi verði útborgað, meira en helmingur lánsins fyrr en sannað er með skoðunargjörð, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, að húsið verði ávaxtað og endurborgað af tekjum prestakallsins með 6% árlega af hinni upphaflegu lánsupphæð á 28. árum frá lántökudegi að telja, að húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum verði eign prestakallsins, að húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvoðaábyrgð fyrir 3000 krónum að minnsta kosti, að sannað verði, hvenær sem krafist er, að húsinu sje vel viðhaldið, og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í gildu standi og með fullu álagi.

Hjer með fellur úr gildi lántökuleyfi það, handa nefndum presti, sem veitt var með brjefi mínu 28. maí f.á.

Þetta er stiptsyfirvöldum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að hið umgetna lán mun geta fengist úr landssjóði.²⁶

Landshöfðingjabréf það, sem vitnað er til í lántökuleyfinu, og dagsett er 28. maí 1896 er að mestu samhljóða þessu bréfi. Þó urðu þær breytingar að lánsupphæð var lækkuð úr 2500 krónum í 2250 kr, lánstíminn var lengur úr 25. árum í 28. ár, flatarmál hússins jókst úr 11x10 álnum í 12x12 álnir og váttryggingaupphæðin jókst úr 2500 krónum í 3000 krónur. Auk þess taldi landshöfðingi ekki mögulegt að greiða þessa upphæð úr landssjóði 1896 því; „peningaförði hans er eigi meiri en svo að líklegt er, að hann gjöri eigi betur en hrökkva til lögboðinna fjárgreiðslna.“²⁷

²⁵ Stjórnartíðindi 1879; bls. 85.

²⁶ Stjórnartíðindi 1897; bls 208.

²⁷ Stjórnartíðindi 1896; bls 74.

Með lögum um nýja skipan prestakalla, er gildi tóku 1907²⁸, var Helgastaðaprestakall lagt undir Grenjaðarstaðarprestakall. Komust þá Helgastaðir og hjáleigan Fosssel í umsjá Reykdælahrepps og hafði hreppstjóri byggingaráð jarðanna á sinni könnu. Einhver óvissa var með innheimtuna því stjórnarráðið sendi sýslumanninum í Þingeyjarsýslu eftirfarandi bréf árið 1909:

Með brjefi dagsettu 5. febr. þ. ár hafið þjer, herra sýslumaður, í tilefni af fyrirspurn hreppstjórans í Reykdælahreppi skýrt frá að í sýslu yðar muni það vera venja, að prestarnir hafi leigt kirkjujarðirnar til lífstíðar og gegn landauragjaldi, og spyrjist þjer þá fyrir um það, hvernig hreppstjórar eigi að standa skil á afgjöldum jarðanna, ef byggingabrjef þessi eru gild.

Utaf þessu skal yður hjermeð tjáð til leiðbeingar og frekari birtingar, að hreppstjórum ber að taka við eftirgjöldum fyrir kirkjujarðir í þeim gjaldeyrir sem tiltekin er í byggingabréfinu, og vilji ábúandi ekki gjalda eftirgjaldið í peningum með verðlagsskrárverði, þá á hreppstjóri að koma eftirgjaldinu í peninga og gjöra skil fyrir því með verðlagsskrárverði, ef hann getur fengið það verð en ella með því verði, er fæst fyrir hina goldnu landaura á opinberu uppboði.²⁹

Heimildir:

Heimilda er getið neðst á hverri síðu.

Óprentuð skjöl er að finna á Þjóðskjalasafni Íslands.

²⁸ Alþingistíðindi 1907, A 1135 - 1138.

²⁹ Stjórnartíðindi 1909; bls. 76.